

Lögð er fram svohljóðandi tillaga formanns heilbrigðisnefndar Reykjavíkur:

Lagt er til að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur samþykki að fela framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, í samvinnu við mannauðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar, að leggja niður störf heilbrigðisfulltrúa og annars starfsfólks heilbrigðiseftirlitsins frá og með 1. janúar 2027.

Greinargerð

Alþingi samþykkti á vordögum lög sem fólu í sér að verkefni heilbrigðisnefnda og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga flytjast að stærstum hluta frá sveitarfélögum til ríkisins um næstu áramót. Þar sem fyrir liggur að verkefnin færast frá sveitarfélaginu þarf að leggja niður störf heilbrigðisfulltrúa og annars starfsfólks Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur með þriggja mánaða fyrirvara frá og með 1. janúar 2027. Dagsetning tilkynningar um niðurlagningu og uppsögn skal því miðast við 1. október 2026. Samkvæmt samþykkt Reykjavíkurborgar fyrir Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur ræður heilbrigðisnefndin framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og hann ræður svo annað starfsfólk. Samþykktin fjallar ekki sérstaklega um heimild til að leggja niður störf eða segja upp starfsfólki og því er mikilvægt að fyrir liggi skýrt umboð af hálfu heilbrigðisnefndar til framkvæmdastjórans og mannauðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs til að fara tímanlega í nauðsynlegar breytingaaðgerðir.